

Fundargerð 88. fundar

skólamálanefndar sambandsins

Árið 2014, mánudaginn 15. desember kl. 13:30 kom skólamálanefnd sambandsins saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Helga Guðmundsdóttir, Karl Frímannsson, Kolfinna Jóhannesdóttir, Margrét Halldórsdóttir og Skúli Helgason

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason, Klara Eiríka Finnbogadóttir, Póra Björg Jónsdóttir og Svandís Ingimundardóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skólaskýrsla 2014 - 1402047SA

Valgerður F. Ágústsdóttir upplýsti nýja skólamálanefnd um skólaskýrslugerð sambandsins.

Valgerður F. Ágústsdóttir skýrði frá vinnu sambandsins við gerð Skólaskýrslu sambandsins sem gefin er út ár hvert á haustin. Hún birtir allar helstu lykiltölur um rekstur og önnur málefni leik- og grunnskóla. Ekki hefur tekist að fjalla á sambærilegan hátt um tónlistarskólana en vilji sambandsins stendur til þess. Hins vegar er erfiðleikum háð að afla gagna um það skólastig en Hagstofan sér ekki til þess á sama hátt og um önnur skólastig.

Skólamálanefnd lýsti yfir mikilli ánægju með gagnsemi skólaskýrslunnar og lagði áherslu á að þörf er á að safna sambærilegum upplýsingum um tónlistarskólastigið.

Skólaskýrsluna má nálgast rafrænt á upplýsingavef sambandsins.

2. Þróunarverkefni um ytra mat á grunnskólum - 1301018SA

Valgerður F. Ágústsdóttir greindi frá samstarfsverkefni sambandsins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um ytra mat.

Valgerður F. Ágústsdóttir greindi frá stöðu og framgangi samstarfsverkefnis sambandsins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um þróun á reglubundnu ytra mati á grunnskólum sem hófst árið 2010. Ytra mat er framkvæmt á grundvelli ákvæða laga um grunnskóla nr. 91/2008 og er bæði á ábyrgð sveitarfélaga og ríkis.

Á grundvelli ánægju með verkefnið og vilja til áframhaldandi samstarfs var gerður samstarfssamningur milli sambandsins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Námsmatsstofnunar og innanríkisráðuneytis vegna

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um þróunarverkefni sem m.a. fól í sér úttekt á 18 grunnskólum árin 2013 og 2014. Greiðslubátttaka ráðuneytis er 60% og Jöfnunarsjóður leggur til um 40% á meðan verkefnið er skilgreint sem þróunarverkefni. Verkefnið hefur nú verið framlengt út árið 2015. Sambandið er áfram um að það verði fest í sessi til framtíðar eins og fram kemur í stefnumörkun þess.

Nokkur umræða spannst á fundinum um áreiðanleika upplýsinga sem ytra matið gæfi m.a. um gæði kennslustunda í samhengi við niðurstöður um árangur nemenda. Fram kom áhugi á því að fá kynningu á nýútkomnum niðurstöðum viðamikillar rannsóknar á starfsháttum í grunnskólum.

3. Menntamálastofnun - ný stofnun á grunni Námsgagna- og Námsmatsstofnunar - 1410102SA

Arnór Guðmundsson, nýráðinn forstjóri Menntamálastofnunar kom á fund skólamálanefndar og kynnti framtíðarsýn og áherslusvið nýrrar stofnunar.

Arnór Guðmundsson greindi frá framgangi vinnu við mótun nýrrar stjórnsýslustofnunar á sviði menntamála. Hann undirstrikaði mikilvægi þess að hafa náðið samstarf við sambandið við mótun starfsemi hinnar nýju stofnunar þar sem eitt grundvallarverkefna sveitarfélaga er rekstur leik- og grunnskólastigsins.

Arnór vakti máls á vilja stofnunarinnar til þess að taka í auknum mæli upp rafræna útgáfu námsefnis og fyrirlögn samræmdra prófa og hvernig sú ráðstöfun horfði við sveitarfélögum að teknu tilliti til netvæðingar og aðgengi skóla að öruggri nettengingu.

Hlutverk og framtíðarsýn Menntamálastofnunar miðar að því að nemendur fái notið sem bestar mögulegar menntunar. Talsverð umræða spannst um verksvið nýrrar stofnunar og mikilvægið þess að hún yrði skilgreind sem þjónustustofnun en ekki eingöngu stjórnsýslustofnun. Ákveðið var að sambandið og verðandi Menntamálastofnun myndu setja á fót óformlegan samstarfshóp fljótlega á nýju ári.

Gert er ráð fyrir að stofnunin taki formlega til starfa 1. júlí 2015.

4. Skólastefna KÍ 2014-2018 - 1407021SA

Þórður Hjaltsted formaður KÍ og Aðalheiður Steingrímsdóttir varaformaður KÍ komu á fund nefndarinnar og fóru yfir helstu atriði skólastefnu KÍ til 2018, sem afgreidd var á þingi þess sl. vor.

Þórður og Aðalheiður fóru yfir helstu atriði skólastefnu KÍ sem samþykkt voru á þingi KÍ sl. vor. Óskar KÍ eftir aukinni samræðu og samtali við sambandið um málefni skóla og kennaramenntunar.

Talsverðar umræður spunnust í framhaldinu. Tekið var undir ósk KÍ um aukið samstarf og bent á að samhljómur væri þó nokkur milli KÍ og sambandsins í ýmsum meginmálum sem endurspeglar m.a. í stefnumörkunum beggja aðila og umsögnum um Hvítbók mennta- og menningarmálaráðherra. Full ástæða væri til þess að efla þetta samtal með markvissum hætti í þágu skólustarfs og kennslu. Leggja þarf m.a. áherslu á kennaramenntunina sem ævimenntun, bættan námsárangur nemenda og mikilvægi faglegrar forystu skólustjórnenda. Þá lýstu fundarmenn yfir áhyggjum af yfirvofandi kennaraskorti og dræmri aðsókn í kennaranám.

Fengu fulltrúar KÍ afhenta stefnumörkun sambandsins 2014-2018, sem starfsáætlanir hvers árs byggja á og rætt um að framhalda samtalinu á nýju ári.

Kolfinna vék af fundi kl. 15:30.

5. Skólar í fremstu röð. Stefnumótun SSH í menntamálum - 1203005SA

Ákveðið að fresta umræðu um framtíðarsýn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í menntamálum til næsta fundar.

6. Endurmenntunarsjóður grunnskóla 2015-2016 - 1412025NA

Klara E. Finnbogadóttir, starfsmaður stjórnar Námsleyfasjóðs, óskar eftir ábendingum um áherslusvið næstu úthlutunar Endurmenntunarsjóðs grunnskóla vegna skólaársins 2015-2016.

Klara greindi frá því að á grundvelli tímabundinnar verkaskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga hafi fjármögnun sjóðsins flust til sveitarfélaga um áramótin 2011/2012 og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga falið að innheimta hlutdeild hvers sveitarfélags. Áður höfðu framlög í sjóðinn verið ákveðin á fjárlögum. Samkomulagið rennur út um áramótin og hefur fjármagn í sjóðinn ekki verið tryggt eftir það.

Óskaði Klara eftir hugmyndum skólamálanefndar að áherslusviðum vegna næsta skólaárs og fékk þegar nokkrar. Geta nefndarmenn sent henni hugmyndir sínar til 8. janúar nk.

Opnað verður fyrir umsóknir í Endurmenntunarsjóð grunnskóla um leið og fjármagn er tryggt.

7. Hvítbók - aðgerðaráætlun um námstíma - 1411001SA

Umsögn sambandsins um umfjöllun Hvítbókar um námstíma og brotthvarf nemenda var lögð fram til kynningar.

8. Námsleyfi Námsleyfasjóðs 2015-2016 - 1404256NA

Klara E. Finnbogadóttir, starfsmaður Námsleyfasjóðs, greindi frá úthlutun sjóðsins vegna skólaársins 2015-2016.

Stjórn Námsleyfasjóðs kennara og skólustjórnenda grunnskóla hefur lokið úthlutun námsleyfa vegna skólaársins 2015-2016. Sjóðnum bárust alls 156

fullgildar umsóknir en fjármagn til úthlutunar dugði fyrir 34 námsleyfum eða um 22% þeirra beiðna sem fyrir lágu. Áherslusvið sjóðsins að þessu sinni tengist þróun kennsluhátta sem stuðla að fjölbreyttum námsaðferðum í lestri/stærðfræði annars vegar og kennslu nemenda af erlendum uppruna hins vegar. Nöfn námsleyfishafa eru birt á vefsvæði Námsleyfasjóðs.

9. Sprotasjóður - 0909007SA

Kynntar voru tillögur stjórnar Sprotasjóðs á áherslusviðum sjóðsins fyrir 2015.

Skólamálafulltrúi kynnti tillögur stjórnar Sprotasjóðs að áherslusviðum sjóðsins vegna skólaársins 2015-2016, sem sendar hafa verið mennta- og menningarmálaráðherra til staðfestingar. Sprotasjóður tekur til leik-, grunn- og framhaldsskólastígs og er hlutverk hans að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi. Opnað verður fyrir umsóknir í janúar.

Fundi var slitið kl. 16:00